

Reykjavík, 11. apríl 2023

## Matvælaráðuneytið

## Skrifstofa sjálfbærni

### Efni: Umsögn Samorku um “Stöðuskjal og tillögur að aðgerðum um bætta nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu. Samráðsgáttarmál nr. 63/2023.

Samorka þakkar tækifærið til þess að veita umsögn um ofangreint mál. Samorka tók þátt í vinnustofu í tengslum við undirbúning stöðuskjalsins og kom þar einkum á framfæri ábendingum sem lúta að fráveitunni og þar með seyru og mögulegri nýtingu hennar í landbúnaði og landgræðslu.

Eins og fram kemur í drögum að stöðuskjalinu fylgja margar áskoranir nýtingu seyru sem lífræns áburðar hvort sem það er í landbúnaði eða landgræðslu og flækjustigið mjög hátt eins og kemur vel fram í skýringarmynd nr. 1 í skjalinu. Hér ber einnig að hafa í huga þótt ágæt dæmi séu til um söfnun og nýtingu seyru eins og nefnt er í stöðuskjalinu eins og t.d. á Suðurlandi og í Mývatnssveit eru þau sértæk og verður ekki nema að litlu leyti jafna við fráveitur stórra þéttbýlisstaða. Með því er ekki gert lítið úr umræddum frumkvöðla verkefnum en mikilvægt að hafa í huga að lang stærstur hlutur þéttbýlis á Íslandi býr við þá sérstöðu að liggja að einstaklega góðum viðtaka, þ.e. Atlantshafinu, til þess að brjóta niður lífefni úr fráveitunni. [Rannsóknir](#) sýna að álagið á viðtakan er ekkert eða mjög óverulegt og í því sambandi mikilvægt að minna á þá meginreglu að ekki sé farið í kostnaðarsama framkvæmdir ef sýnt er fram á að þær hafa engar eða mjög óverulega umhverfisbætandi áhrif. Nefnd frumkvöðlaverkefni geta hins vegar orðið ágæt fyrirmynd fyrir þá staði þar sem þessarar sérstöðu nýtur ekki við.

Á þessari grunnreglu hefur m.a. verið byggt í fráveitutilskipun Evrópusambandsins og við innleiðingu á henni í íslenskan rétt var einmitt tekið tillit til sérstöðu EFTA ríkjanna Íslands og Noregs að þessu leyti. Var þá einnig horft til þess að heimilt er að skilgreina viðtaka sem síður viðkvæman og þá litið til getu hans til þess að ráða við lífefnið sem í hann berst. Í tengslum við endurskoðun á fráveitu tilskipun Evrópusambandsins hafa Samorka og Samband íslenskra sveitarfélaga einmitt lagt áherslu á að ofangreint ákvæði um skilgreiningu á síður viðkvæmum viðtaka verði áfram inn í lagatextanum og þá vísað til ofangreindrar sérstöðu Íslands og Vestur og Norður Noregs. Sjá hér [umsögn](#) um málið.

Samorka hefur lagt áherslu á stuðning stjórnvalda við fráveituframkvæmdir með styrkveitingu sem nemur ígildi endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna nýframkvæmda og endurbóta á eldri kerfum. Ánægjulegt er að þetta styrkjakerfi var endurvakið með bráðabirgðaákvæði í lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna árið 2020 og hafa sveitarfélög og fráveitufyrirtækin verið dugleg að nýta þessa heimild og sýnir sagan að hún leitt til þess að stærstur hluti þéttbýlis býr nú við hreinsun sem

uppfyllir núgildandi fráveitureglugerð. Mikilvægt er hins vegar að þau sveitarfélög sem eftir standa fái áfram tækifæri til þess að ná þessu sama marki með áframhaldandi stuðningi stjórnvalda.

Varðandi þá aðgerð sem nefnd í er í kafla C.4 um aðskilnað grávatns og svartvatns ber að hafa í huga að þessi aðskilnaður er meginregla í öllum nýjum hverfum og hefur svo verið áratugum saman og sama á við í endurnýjun eldri hverfa nema aðstæður geri það ómögulegt (sjá nánar í [fráveitu handbók Samorku](#)). Þessi aðskilnaður er einmitt mikilvægur þegar kemur að byggingu og rekstri hreinsistöðva fráveitna til þess að minka óþarft álag á þær auk þess sem þetta hefur áhrif á hönnunar forsendur alls fráveitukerfisins.

Samorka leggur því áherslu á að sérstaklega sé horft til aðgerða A.1. og A.2 og þar með að lagt sé sérstakt mat á það hvernær í fyrsta lagi getur orðið fýsilegt að nýta seyru á stórum skala í landgræðslu eða landbúnaði og þar með hvort fjármunum sé betur forgangsraðað með öðrum hætti.

Að öðru leyti vísar Samorka til umsagna aðildarfyrirtækja sinna um málið.

**Virðingarfyllst,**

**f.h. Samorku**

*Baldur Dýrfjörð lögfræðingur*